

3. gr.

Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna lágmarkskrafna fyrir tiltekin olíuflutningaskip nr. 566/1993 skal falla úr gildi 13. september 1995.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91, sem vísað er til í 2. tölul. 1. gr. öðlaðist gildi með auglýsingu um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan svæðisins, nr. 574/1993.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í siglingalögum nr. 34/1985, sbr. sérstaklega 3. gr. 1. nr. 62/1993, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöruflutninga á landi.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýir liðir koma aftan við 26. lið:

- 26a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðnum á vegum innan bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.
- 26b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3916/90 frá 21. desember 1990, um ráðstafanir sem gera þarf komi til neyðarástands á markaðnum fyrir vöruflutninga á vegum.
- 26c. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93 frá 25. október 1993 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir.

2. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 395-396, 406-409 og 456-471, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 47/1994 um vöruflutninga á landi, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.